



## VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Þórkötlustaðahverfi í Grindavík

16.09.2019



## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

---

### SKJALALYKILL

---

2476-026-SKY-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

---

35

### VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

---

Ármann Halldórsson/Sigurður Ólafsson

### VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

---

Eva Dís Þórðardóttir

### LYKILORÐ

---

Verndarsvæði í byggð, Grindavík,  
Þórkötlustaðahverfi, svipmót  
byggðar, varðveislugildi,

### TITILL SKÝRSLU

---

Verndaráætlun í byggð – Þórkötlustaðahverfi í Grindavík

### VERKHEITI

---

Verndaráætlun í byggð

### VERKKAUPI

---

Grindavíkurbær

### HÖFUNDUR

---

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Dís Þórðardóttir, Hjörleifur Stefánsson og  
Kamma Dögg Gísladóttir.

## EFNISYFIRLIT

TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	5
1 INNGANGUR	5
1.1 Almennt	5
1.2 Aðferðafræði	5
1.3 Samráð	6
1.4 Afmörkun og sérstaða verndarsvæðis	6
1.5 Samantekt á skilmálum um vernd og uppbyggingu	8
GREINARGERÐ	10
2 LÝSING Á BYGGÐINNI	10
2.1.1 Landfræðileg lega	10
2.1.2 Gróðurfar	12
2.1.3 Landslagseinkenni	12
2.1.4 Ásýnd	12
2.1.5 Samgöngur	13
2.1.6 Saga og þróun byggðar	14
2.1.7 Örnefni	17
2.1.8 Minjar	17
2.1.9 Byggingar	21
3 GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR	23
4 VARÐVEISLUMAT	25
4.1 Matsþættir	25
4.1.1 Byggingarlist, listrænt gildi	25
4.1.2 Menningarsögulegt gildi	25
4.1.3 Umhverfisgildi	26
4.1.4 Upprunalegt gildi	26
4.1.5 Ástand	26
4.2 Niðurstaða varðveislugildis	27
5 VERNDARFLOKKAR	28
5.1 Hús og mannvirki (eða leifar þeirra) sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar	28
5.2 Verndarflokkar innan verndarsvæðis í byggð	29
6 SKILMÁLAR UM VERNDUN OG UPPBYGGINGU	31
7 STAÐA VERNDARSVÆÐIS INNAN SKIPULAGS	32
7.1 Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030	32
8 HEIMILDASKRÁ	34
VIÐAUKAR	35

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir afmörkun verndarsvæðis og heiti húsa skv. húsakönnun. _____	7
Mynd 2. Íslandskort sem sýnir staðsetningu verndarsvæðis (merkt með bláum punkti), austan við þéttbýlið í Grindavík. _____	10
Mynd 3. Staðsetning Þórkötlustaðahverfis innan Reykjanes er merkt með bláum punkti. _____	11
Mynd 4. Yfirlitsmynd yfir þéttbýli Grindavíkur og nánasta umhverfi. _____	11
Mynd 5. Yfirlitsmynd af Þórkötlustaðahverfi. Mynd: Verkfræðistofan EFLA. _____	12
Mynd 6. Yfirlitsmynd yfir Þórkötlustaði. Mynd: Fornleifastofnun Íslands. _____	13
Mynd 7. Túnakort af Þórkötlustaðahverfi frá 1918. Vigfús Guðmundsson mældi og teiknaði. Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands. _____	14
Mynd 8. Kort af þróun byggðar í Þórkötlustaðahverfi, byggð á tiltækum heimildum. Hver punktur sýnir hús sem búið var/er í árið um kring og hægt var að staðsetja. Sum staðar hafa verið fleiri en eitt heimili í hverju húsi. _____	15
Mynd 9. Loftmynd af Þórkötlustaðahverfi frá 1956 sem sýnir vel hvernig hverfinu var skipt í fjölmargar litlar túnskákir. Á þessum tíma lá þjóðvegur ofarlega í hverfinu (neðan við efstu bæina) en hefur nú verið færður upp fyrir hverfið. _____	16
Mynd 10. Steyptur stöpull undan einni af vindmyllum hverfisins. Mynd: Fornleifastofnun Íslands. _____	19
Mynd 11. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningarhnit fornleifa skv. fornleifaskráningu. _____	20
Mynd 12. Yfirlitskort sem sýnir uppmældar fornleifar skv. fornleifaskráningu. _____	20
Mynd 13. Einland, elsta húsið á svæðinu sem byggt var fyrir 1900 og er því friðað vegna aldurs. Mynd: Fornleifastofnun Íslands. _____	21
Mynd 14. Yfirlitskort yfir aldur bygginga skv. húsakönnun. _____	22
Mynd 15. Varðveislugildi húsa skv. húsakönnun. _____	22
Mynd 16. Dæmi um garð, hlaðinn úr hraungrýti í Þórkötlustaðahverfi. Mynd: Fornleifastofnun Íslands. _____	23
Mynd 17. Dæmi um kofaþyrpingu í Þórkötlustaðahverfi. Kofarnir eru hluti af heildarsvipmóti hverfisins. Mynd: Fornleifastofnun Íslands. _____	24
Mynd 18. Auðkennd hús, mannvirki og fornleifar sem eru vernduð skv. lögum um menningarminjar. _____	28
Mynd 19. Kort þar sem sjá má uppmældar minjar og 15 metra friðhelg svæði umhverfis þær. _____	29
Mynd 20. Verndarsvæðið merkt inn á uppdrátt aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 með blárri punktalínu. _____	33

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Yfirlitstafla yfir áhersluþætti skilmála. _____	8
Tafla 2. Matsskali skv. leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands. _____	25
Tafla 3. Matstafla með yfirliti yfir varðveislugildi skv. SAVE aðferðafræðinni _____	27
Tafla 4. Skilmálatafla fyrir tillögu að verndarsvæði í byggð. _____	31



## TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

### 1 INNGANGUR

#### 1.1 Almennt

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 sem tóku gildi um mitt árið 2015 gefa sveitarfélögum tækifæri á að sækja um styrk til Minjastofnunar Íslands til að vinna tillögu að verndarsvæði.

Í ágúst 2016 ákvað Grindavíkurbær að sækja um styrk til að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir Þórkötlustaðahverfi í Grindavík. Á haustmánuðum sama ár veitti Minjastofnun Íslands sveitarfélaginu styrk til verksins. Í kjölfarið óskaði Grindavíkurbær eftir því að EFLA verkfræðistofa verkstýrði verkefninu fyrir hönd bæjarins og ritstýrði skýrslugerð. Grindavíkurbær fékk Elínu Ósk Hreiðarsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands og Hjörleif Stefánsson arkitekt til að vinna saman að gerð húsakönnunar og fornleifaskráningar. Þessir aðilar unnu tillögu að verndaráætlun í sameiningu.

Vinnan við verkefnið hófst sumarið 2017 á fornleifaskráningu ásamt húsakönnun. Skýrsla um húsakönnun kom út í mars 2018 en um fornleifaskráningu í júlí sama ár. Í kjölfarið var varðveislugildi svæðisins metið í samræmi við leiðbeiningar frá Minjastofnun Íslands.

Markmið laganna um verndarsvæði í byggð er að stuðla að verndun sögulegrar byggðar. Í lögnum og reglugerð nr. 575/2016 er kveðið nánar á um hvað felst í tillögu að verndarsvæði í byggð. Verndarsvæðið er byggð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra.

*„Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð“ (Lög nr. 87/2015, 4. gr.).*

Í þessari greinargerð leggur bæjarstjórn Grindavíkur fram þá tillögu að Þórkötlustaðahverfi verði gert að verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016.

#### 1.2 Aðferðafræði

Við vinnslu verkefnisins var aðferðafræði beitt sem sett er fram í leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands. Svipmót byggðar er lykilhugtak í lögnum um verndarsvæði í byggð og skal sveitarstjórn meta varðveislugildi svipmóts byggðarinnar sem lagt er til að verði gerð að verndarsvæði.



Samkvæmt 3. grein laganna felst svipmót byggðar einkum í:

- Ríkjandi formgerðum húsa
- Afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun
- Stærðarhlutföllum

- Byggingarstíl
- Efnis- og litavali
- Sambandi byggðar og náttúrulegs umhverfis

### 1.3 Samráð

Haldinn var kynningarfundur á fyrstu stigum verkefnisins þann 15. nóvember 2017 í Kvikunni, menningarsetri Grindavíkur. Fundurinn var fjölmennur en alls mættu um 50 manns.

Drög að húsakönnun voru auglýst á heimasíðu Grindavíkur frá 5. mars til 21. mars 2018. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum. Þó nokkrar ábendingar og myndir bárust sem bætt var inn í skýrsluna.

Frá 20. júlí til 17. ágúst 2018 voru drög að fornleifaskráningu auglýst á heimasíðu Grindavíkurbæjar. Skýrslan var einnig send til þeirra heimamanna sem mest höfðu aðstoðað við vinnslu hennar og var óskað eftir athugasemdum og ábendingum um atriði sem betur mættu fara. Nokkrar athugasemdir bárust og var fornleifaskýrslan uppfærð m.t.t. þeirra.

Að lokum var síðan tillagan ásamt viðaukum auglýst frá 30. janúar 2019 – 13. mars 2019 þar sem gefinn var kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Einnig var haldinn íbúafundur 13. febrúar 2019 þar sem tillagan var kynnt og íbúum gefinn kostur á að koma með fyrirspurnir og ábendingar. Nokkrar fyrirspurnir bárust og var tillagan uppfærð m.t.t. þeirra.

### 1.4 Afmörkun og sérstaða verndarsvæðis

Verndarsvæðið í Þórkötlustaðahverfi er um 50 ha að stærð. Svæðið er austast innan skilgreinds þéttbýlis Grindavíkurbæjar samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins. Svæðið afmarkast af Austurvegi til norðurs og af túnmörkum og hlöðnum túngörðum við Slokahraun til austurs. Strandlengja Þórkötlustaðabótar afmarkar svæðið til suðurs og vesturmörkin eru við Kóngahraun við Þórkötlustaðanes.

Við ákvörðun um afmörkun svæðisins kom til álita að taka fyrir töluvert stærra svæði, m.a. byggðina í Þórkötlustaðanesi og gömlu bryggjuna sunnar á miðju nesinu, en bryggjan hefur sterka sögulega tengingu við Þórkötlustaðabyggðina. Einnig þótti áhugavert að taka með fiskigarðana í Slokahrauni og jafnvel bæinn Hraun en hvort tveggja er austan við verndarsvæðið. Að lokum var þó ákveðið að halda óbreyttri þeirri afmörkun svæðisins sem gengið var út frá í upphafi enda eru mörkin skýr, bæði í sögulegum skilningi og landfræðilegum (með náttúrulegum afmörkunum s.s. við hraunkambinn austast á svæðinu). Hinsvegar má horfa til þess í framtíðinni að stækka svæðið og taka þá byggðina í Þórkötlustaðnesi, gömlu bryggjuna og/eða Hraun inn í verndaráætlunina.

Afmörkun svæðisins er í samræmi við setta stefnu um landsvæðið í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur. Svæðið hefur verið skilgreint sem búgarðabyggð þar sem heimilt er að hafa húsdýr s.s. kindur og hesta.



**Mynd 1.** Yfirlitsmynd yfir afmörkun verndarsvæðis og heiti húsa skv. húsakönnun.

Saga byggðar í Grindavík mótast af landsháttum: landslagi, gróðurfari og landgæðum (s.s. gjöfulum fiskimiðum). Hraun og örfoka land valda því að stærstur hluti sveitarfélagsins er óbyggilegur. Inn á milli hraunbreiða finnast þó víða grænir og búsældarlegir vellir við ströndina þar sem útræði var gott og byggð myndaðist snemma. Á þessum svæðum varð byggðin snemma þétt og mynduðust þar hin svokölluðu „hverfi“ sem einkenna byggðarmynstur á þessum slóðum.

Hverfin í Grindavík eiga það sameiginlegt að aðallífsbjörg fólks voru fiskveiðar þótt þar væri vissulega stundaður hefðbundinn landbúnaður líka. Nálægð við góð fiskimið gerði íbúum í Þórkötlustaðahverfi kleift að búa þétt, með lítinn bústofn eða jafnvel í þurrabúðum. Líklegt er að árstíðabundnar verferðir hafi haft áhrif á búsetu og mannlíf í hverfinu um aldaskeið og þéttbýli verið þar meira á vissum tímum ársins. *Hverfin* eru í eðli sínu ólík því byggðarmynstri sem algengast er hér á landi, þ.e. dreifbýli í hefðbundnum landbúnaðarhéruðum þar sem fremur langt er á milli bæja og höfuðáhersla á skepnuhald og hefyng af túnum og engjum og í því felst m.a. sérstaða svæðisins.

Þrátt fyrir að Þórkötlustaðahverfi hafi verið þéttbýlt um aldir hefur hverfið engu að síður mörg einkenni dreifbýlis miðað við núverandi skilgreiningar. Það er þessi þversögn sem markar svipmót hverfisins

meira en nokkuð annað. Húsagerð í hverfinu er fjölbreytileg og flest húsanna standa á fremur stórum lóðum. Algengt er að margskonar kofabyggingar og kálgarðar fylgi íbúðarhúsum. Sökum þess hve þéttbýlt var á svæðinu leituðust menn við að afmarka lóðir sínar með afgerandi hætti og notuðu gjarnan til þess hleðslugrjót sem var auðfengið á svæðinu. Ofangreind einkenni eru þau sem helst móta svipmót svæðisins enn þann dag í dag.

### 1.5 Samantekt á skilmálum um vernd og uppbyggingu

Ljóst er að menningarminjar í Þórkötlustaðahverfi hafa varðveist vel, sérstaklega í ljósi þess hversu þéttbýlt þar hefur verið um langt skeið. Í búsetulandslaginu er fólgin löng saga svæðisins. Frá upphafi byggðarinnar og allt til þessa hefur hver húseigandi reist sér hús, kofa og garða þegar þörf var á og efnahagur leyfði. Lengst af byggðu menn úr hraungrýti og torfi. Lítið var um aðkeypt byggingarefni fyrr en líða tók að aldamótunum 1900, en þá var bárujárnið komið til sögunnar og timbur var orðið auðfengið. Yfirbragð byggðarinnar einkennist af þeim fjölbreytileika sem af þessu spratt.

Það er því nokkur mótsögn fólgin í því að setja reglur um hvernig varðveita eigi fjölbreytileika sem á rætur í því að mótun byggðarinnar voru ekki settar aðrar skorður en þær sem náttúruöflin og efnahagur setti húseigendum.

Engu að síður er ráðlegt að setja fram markmið og skilmála fyrir framtíðarbyggð á svæðinu. Mikilvægast er að koma í veg fyrir að menningarminjar á svæðinu glatist vegna framkvæmda við ný mannvirki en jafnframt er æskilegt að húseigendur haldi sem mestu af því athafnafrelsi sem mótað hefur svipmót byggðarinnar lengst af. Þannig geta ný mannvirki orðið til þess að framlengja og bæta við hefð byggðarinnar ef þess er gætt að stærðarhlutföll byggingar verði hófstíllt.

Með því er átt að verndun og uppbygging skuli haldast í hendur til að styrkja upplifun og varðveislugildi svæðisins. Horft hefur verið til þess að skilmálar verði settir um eftirfarandi þætti:

- Garðhleðslur/afmörkun lóða/túnskika
- Minjaheildir
- Byggingarefni
  - Viðhald, endurgerð og nýja byggingar
- Sögu svæðisins

**TAFLA 1.** Yfirlitstafla yfir áhersluþætti skilmála.

ÁHERSLUÞÆTTIR	SKILMÁLAR
<b>Garðhleðslur</b>	Mikilvægt er að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hlöðnum gördum innan verndarsvæðis og stuðla að viðhaldi og endurhleðslu garða eftir þörfum.
<b>Minjaheildir</b>	Segja má að hverfið í heild myndi minjaheild sem ber að varðveita. Auk þess hafa varðveist nokkrar smærri minjaþyrpingar eða heildir sem mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi varðveislu á s.s. þær minjar sem enn eru á bæjarstæði Þórkötlustaða, bæjartóftum Klappar/Buðlungu og túnstæði og minjaþyrpingu við Hraunkot.





<b>Byggingarefni</b>	Settir eru skilmálar um varðveislu á yfirbragði byggðarinnar með það að markmiði að styrkja ásýnd Þórkötlustaðahverfis. Öll áform um framkvæmdir innan hverfis verða skoðuð rækilega og þess gætt að þau hafi ekki áhrif á sýnilegar minjar eða ásýnd hverfis. Hvert tímaskeið einkennist að einhverju leyti af þeim byggingarefnum sem almennt voru notuð. Æskilegt er að svo verði áfram. Þess vegna er ekki ráðlegt að setja kröfur um að í framtíðinni verði notuð sömu byggingarefni og áður.
<b>Saga svæðisins</b>	Stefnt verður að því að gera sögu svæðisins hátt undir höfði. Skilmálar verða settir um að gönguleið um svæðið verði afmörkuð og sett verði niður skilti sem geri sögu svæðisins skil. Á þessari leið verði settir niður bekkir. Vanda þarf til verka við gerð göngustíga svo þeir falli vel að landslagi og umhverfi. Forðast ætti að nota aðflutt jarðvegsefni. Mikilvægt er að styrkja sjóvarnir á svæðinu og lengja garðinn neðan við Þórkötlustaði til austurs þar sem talsvert af túnum og minjum eru að verða fyrir skemmdum af ágangi sjávar.


## GREINARGERÐ

### 2 LÝSING Á BYGGÐINNI


Hið áætlaða verndarsvæði er um 50 ha að stærð og nær yfir túnastæði Þórkötlustaða eins og áætlað er að það hafi verið stærst. Í kaflanum verður farið yfir helstu einkenni verndarsvæðisins, staðhætti, landslagseinkenni og teknar saman helstu sögulegu heimildir um þróun byggðar á svæðinu og minjar. Tekið skal fram að nánar er farið yfir sögulegar heimildir í fornleifaskýrslunni sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands (sjá viðauka) og ítarlega er farið í hvert hús á svæðinu í húsakönnuninni (sjá viðauka) sem Hjörleifur Stefánsson og Fornleifastofnun Íslands unnu saman.

#### 2.1.1 Landfræðileg lega

Þórkötlustaðahverfi er á sunnanverðu Reykjanesi og tilheyrir Grindavíkurbæ. Innan Grindavíkur hefur uppblástur verið vandamál í gegnum tíðina líkt og víðar á Reykjaneskaganum og hafa áður gróin og nýtanleg svæði víða orðið að uppblásnum melum. Hverfið er austast og í jaðri þéttbýlis Grindavíkur, við Þórkötlustaðabót og austan við Þórkötlustaðanes/Hópsnes. Tæpir tveir kílómetrar eru frá miðbæ Grindavíkur að Þórkötlustaðahverfi um Austurveg. Þrátt fyrir nálægð hverfisins við Grindavík er það í nokkru vari frá mesta þéttbýlinu sökum legu þess í landinu.



**Mynd 2.** Íslandskort sem sýnir staðsetningu verndarsvæðis (merkt með bláum punkti), austan við þéttbýlið í Grindavík.



**Mynd 3.** Staðsetning Þórkötlustaðahverfis innan Reykjanes er merkt með bláum punkti.

Landbrot er nokkuð mikið í sveitarfélaginu og færirst strandlínán ört inn í landið en landsig er óvíða eins mikið hér á landi og á þessum slóðum. Í Þórkötlustaðahverfi er því ágangur sjávar (ásamt almennum framkvæmdum) helsta hættan sem steðjar að minjum og mannvirkjum en sjóvarnargarður hefur nú verið byggður fyrir framan hluta byggðarinnar, allt austur að Buðlungu.



**Mynd 4.** Yfirlitsmynd yfir þéttbýli Grindavíkur og nánasta umhverfi.



**Mynd 5.** Yfirlitsmynd af Þórkötlustaðahverfi. Mynd: Verkfræðistofan EFLA.

### 2.1.2 Gróðurfar

Á stærstum hluta verndarsvæðisins er ræktað land. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands finnast innan svæðisins eftirfarandi vistgerðir; mosahraunavist, lynghraunavist, alaskalúpína og tún og akurlendi. Engin af þessum vistgerðum hefur hátt verndargildi. Enginn trjágróður er á svæðinu og hefur það afgerandi áhrif á svipmót þess (Jón Gunnar Ottósson og fl., 2017; Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017).

Stærstu sandfjörur innan Grindavíkur eru að finna á milli Þórkötlustaðahverfis og Ísólfsskála, austan við ráðgert verndarsvæði en engin sandfjara er innan þess. (Auðlindastefna Grindavíkur, EFLA).

### 2.1.3 Landslagseinkenni

Þórkötlustaðahverfið er á flatlendi sem lækkar aflíðandi til suðurs, að sjó. Hraunlendi er allt í kring en stærstur hluti hverfisins er gróin tún sem skipt hefur verið í fjölmargar litlar skákir. Þéttbýlt var í hverfinu um aldir, þó sérstaklega frá því á seinni hluta 19. aldar og eru enn fjölmörg hús í hverfinu, bæði íbúðarhús og kofar þeim tengdir. Mikið er um grjótgarða umhverfis kálgarða og tún, bæði uppistandandi garða og garða sem eru fallnir að hluta eða jafnvel sléttaðir í tún þótt enn megi sjá móta fyrir þeim.

### 2.1.4 Ásýnd

Útsýni frá Þórkötlustaðahverfi er út á Atlantshaf í suðri en upp að Hraunsandi í norðri. Til norðausturs blasir við fjallið Húsafell og til vesturs sést til þéttbýlis Grindavíkur og Eyjabakka, hafnar- og iðnaðarsvæðis við Hóp. Á mörkum verndarsvæðisins við Austurveg/Suðurstrandarveg sést vel suður



yfir Þórkötlustaðahverfi. Þaðan blasa helstu einkenni byggðarinnar við, dreifð og lágreist byggð, mikill fjöldi garðlaga, kálgarða og afgirtir túnskikar í bland við talsverða kofabyggð. Sú staðreynd að enginn trjágróður er í hverfinu er einnig eitt af því sem mótar ásýnd hverfisins mikið.



**Mynd 6.** Yfirlitsmynd yfir Þórkötlustaði. Mynd: Fornleifastofnun Íslands.

#### 2.1.5 Samgöngur

Á árum áður var Eyrargata aðalleiðin milli Þórkötlustaða og nágrennbæjanna. Í Þórkötlustaðahverfi var gatan við sjávarkampinn en er nú að mestu horfin (innan verndarsvæðis). Á þeim árum var kjarni hverfisins nærri sjó en byggð þróaðist í auknu mæli ofar í hverfinu á seinni hluta 19. aldar og fram á fyrri hluta þeirrar 20. Þá færðist aðal þjóðleiðin efst í hverfið og lá þá neðan við efstu húsin. Á allra síðustu árum hefur þjóðvegur verið færður upp fyrir hverfið og er nú fast utan við verndarsvæðið. Aðalveg tenging við hverfið er nú um Austurveg í vestri en Suðurstrandaveg í suðri, sem tengir þéttbýli Grindavíkur til austurs.


Ekki er hægt að tala um skipulagða götummynd í Þórkötlustaðahverfi heldur hefur gatnakerfið mótast og breyst í gegnum tíðina og m.a. ráðist af eignamörkum og staðsetningu heimreiða. Margvíslegar styttri leiðir voru farnar innan hverfis, t.d. að hverfisbrunninum en einnig niður að sjó og að næstu bæjum. Enn mótast fyrir sumum þessara gatna en aðrar eru horfnir í tún eða vegna jarðrasks.

Í gildandi aðalskipulagi er skilgreind gönguleið frá Hraðfrystihúsi Þórkötlum meðfram strandlengjunni (til að tryggja aðgengi almennings að strandlengju) og fram hjá Hrauni. Einnig er skilgreind reiðleið um svæðið sem nær frá Hópsnesi til norðurs meðfram Hraðfrystihúsi Þórkötlum.


## 2.1.6 Saga og þróun byggðar

Þórkötlustaða er fyrst getið í heimildum á 13. öld en jörðin byggist án efa mun fyrr er líklega á með elstu jarða í Grindavíkurhreppi hinum forna (sjá nánari upplýsingar um elstu heimildir og sögu jarðar í skýrslu um fornleifar í viðauka). Grindavíkurhreppur hefur frá fornu fari skipst í Staðarhverfi, Járngerðastaðahverfi og Þórkötlustaðahverfi. Líklegt er að kjarni Þórkötlustaða hafi allt frá upphafi verið á svipuðum slóðum og Þórkötlustaðabærirnir standa enn í dag. Við framkvæmdir nærri Miðbæ Þórkötlustaða laust eftir 1900 var komið niður á skálalaga byggingu með langeldi og bendir það til að bæjarstæði jarðarinnar hafi verið á þessum slóðum allt frá fyrstu tíð. Gera má ráð fyrir að svæðið hafi lengi verið nokkuð þéttbýlt á íslenskan mælikvarða og að þar hafi verið stunduð sjósókn ásamt hefðbundnum búskap allt frá fyrstu tíð. Á 17. öld var jörðin komin í eigu Skálholts og á seinni hluta aldarinnar (í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups) jukust umsvif biskupsstólsins á jörðinni mikið og var rekin nokkur útgerð þaðan.

Árið 1703 voru íbúar í hverfinu 60 talsins og eru þá taldar upp fimm hjáleigur frá Þórkötlustöðum og ein þurrabúð. Áður en öldin var á enda var orðið þrjúbýlt á sjálfri heimajörðinni og hélst það fram eftir 19. öld. Lítil breyting var á íbúafjölda fram yfir miðja 19. öld og voru oftast í byggð a.m.k. þrjár hjáleigur auk þess sem þrjúbýlt var á heimajörðinni. Á síðustu áratugum 19. aldar varð mikil fólksfjölgun í hverfinu og meira en tvöfaldaðist íbúa- og heimilafjöldi á árunum 1880-1901, fór þá talan úr 60 árið 1880 í 132 árið 1901 og úr 9 heimilum í 22. Á þessu skeiði voru t.a.m. líklega byggð tvö hús til viðbótar á Þórkötlustaðatorfunni ásamt ýmsum fleiri býlum í hverfinu. Þegar túnakort var gert fyrir Þórkötlustaðahverfi árið 1918 voru býlin í hverfinu 12 talsins auk fimm íbúðarhúsa á sjálfri bæjartorfunni og voru heimilin þá líklega yfir 20 talsins.



**Mynd 7.** Túnakort af Þórkötlustaðahverfi frá 1918. Vigfús Guðmundsson mældi og teiknaði. Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands.



**Mynd 8.** Kort af þróun byggðar í Þórkötlustaðahverfi, byggð á tiltækum heimildum. Hver punktur sýnir hús sem búið var/er í árið um kring og hægt var að staðsetja. Sum staðar hafa verið fleiri en eitt heimili í hverju húsi.

Þórkötlustaðahverfið hélt áfram að blómstra og vaxa á fyrri hluta 20. aldar en þegar komið var undir miðbik aldarinnar voru aukin umsvif og fólksfjölgun í Járngerðastaðahverfi ásamt nýjum hafnarmannvirkjum í Hópinu byrjuð að hafa áhrif á þróun og fólksfjölda í Þórkötlustaðahverfi, þótt þar byggju þá ríflega 200 manns. Þungamiðja athafnalífs í Grindavík og vaxtabroddur var nú í Járngerðarstaðahverfinu. Til að bregðast við þeim vanda sem steðjaði að byggðinni stofnaði fólk í hverfinu félagsskap um byggingu Hraðfrystihússins Þórkötlu sem tók til starfa í hverfinu 1947 og starfrækt var fram til 1992, og blés það miklu lífi í atvinnu á svæðinu um nokkurra ára skeið. Á fimmta áratugnum var settur á fót skóli í hverfinu og þar var einnig rekin verslun um nokkurra áratuga skeið.



**Mynd 9.** Loftmynd af Þórkötlustaðahverfi frá 1956 sem sýnir vel hvernig hverfinu var skipt í fjölmargar litlar túnskákir. Á þessum tíma lá þjóðvegur ofarlega í hverfinu (neðan við efstu bæina) en hefur nú verið færður upp fyrir hverfið. Mynd: Landmælingar Íslands.

Þrátt fyrir aukna atvinnumöguleika með tilkomu Hraðfrystihússins fór fólk að fækka í Þórkötlustaðahverfi upp úr miðri öldinni og varð vöxtur bæjarfélagsins einkum í Járngerðastaðahverfinu. Árið 1966 hafði íbúum í Þórkötlustaðahverfi fækkað um 42% frá 1940. Þá höfðu a.m.k. 6 íbúðarhús verið flutt úr Þórkötlustaðahverfi og yfir í Járngerðarstaðahverfi og nokkur til viðbótar rifin. Íbúum í hverfinu hélt áfram að fækka fram eftir 20. öld og um þessar mundir eru föst búseta í 11 húsum og um 30 einstaklingar skráðir með fasta búsetu þar. Árstíðarbundin búseta er í nokkrum húsum til viðbótar.





### 2.1.7 Örnefni

Margvísleg örnefni er að finna innan Þórkötlustaðahverfis. Sjálft bæjarnafnið Þórkötlustaðir er samsett bæjarnafn en bæjarnöfn sem enda á *–staðir* eru yfirleitt talinn tilheyra síðari stigum landnáms ólíkt bæjarnöfnum sem eru ósamsett náttúrunöfn s.s. á, hóll, eyri, fell, dalur, holt, nes og vík sem gjarnan eru talin fyrsta kynslóð bæjarnafna. Á móti má nefna þá staðreynd að byggð í Grindavík skiptist snemma í þrjú hverfi sem ætla mætti að hverfðust um elstu og bestu jarðirnar en þau eru kennd við jarðirnar Stað, Járngerðarstaði og Þórkötlustaði. Því eru tvö af hverfunum með samsett nöfn.<sup>1</sup>

Mest áberandi örnefni í Þórkötlustaðahverfi eru nöfn á bústöðum/bæjum. Nöfn þeirra eru fjölbreytileg en fæst eru kennd við eigendur sína eins og sum staðar virðist t.d. algengt í þéttbýli sem myndast snemma, heldur hafa almenna tilvísun (s.s. Brekka, Garðhús, Hvammur, Sólbakki, Þórsmörk, Laufás, Klöpp og Stafholt). Bæjarheitin hafa haldið velli í gegnum tíðina og þrátt fyrir að til sé gatnaheiti og -númer fyrir a.m.k. sum húsanna í hverfinu hefur slíkt kerfi aldrei náð að festast í sessi.

Þegar dreifing annarra örnefna í hverfinu er skoðuð má sjá að þau virðast hvað þéttust við sjávarmálið þar sem klappir, bætur og sker eiga víða sín sérheiti (s.s. Stóraklöpp, Vararsker, Heimribót, Kollóttasker o.s.frv.) og sömuleiðis eru þekktir nokkrir þvottastaðir við fjöruborðið sem allir hafa sitt eigið nafn (s.s. Þvottabás, Stóralón, Vötnin). Innan hverfisins eru einnig áberandi örnefni á túnskikum en algengt virðist hafa verið að hver túnskák hafi haft sitt eigið heiti. Oftast virðist að þær hafi einfaldlega verið kenndir við þau býli sem þær tilheyrðu (s.s. Einlandstún, Klapparmói, Buðlungutún, Eyvindarvöllur) en þó er í hverfinu einnig að finna túnskíka sem draga nafn sitt af öðru s.s. Götuskák, Hálfvöllur, Hólaskak, Kúakrókur, Brunnskák. Þessi heiti endurspeglar án efa mjög fastmótað eignarhald á túnblettunum og undirstrika hversu mikilvægar túnblettirnir voru eigendum sínum enda hefur heyfengur af þeim í mörgum tilfellum verið undirstaða þess að halda lífi í þeim skepnum sem íbúar í hverfinu héldu hverju sinni.

### 2.1.8 Minjar

Skráðar minjar í Þórkötlustaðahverfi voru 197 talsins og er það mikill fjöldi á ekki stærra svæði. Ber skráningin þess merki að byggð í hverfinu var mjög þétt um langt skeið. Mest var skráð af bústöðum, alls kyns útihúsum sem tilheyrðu þeim og garðlögum (bæði kálgörðum og túngörðum). Úttektarsvæðið var afmarkað við það sem kalla mætti heimatún Þórkötlustaðahverfis, eins og það var stærst. Á fyrri öldum voru túnin talsvert minni en í upphafi 20. aldar (1918) voru tún Þórkötlustaða og hjáleigna til að mynda um 13 ha. Skráningin náði því yfir elstu heimatún Þórkötlustaða og nánasta nágrenni. Hinir eiginlegu „úthagar“ Þórkötlustaða voru ekki skráðir og þar af leiðandi engar minjar af því tagi sem helst finnast á slíkum svæðum, s.s. sel, stekkir, mógrafir, o.s.frv. Minjarnar spanna að líkindum allt tímabil búsetu á svæðinu, allt frá landnámi og fram eftir 20. öld (en hluti minja sem skráðar voru teljast ekki til fornleifa samkvæmt skilningi laganna þar sem þær eru yngri en 100 ára) en talið var mikilvægt að skrá allar mannvistarleifar til að skilja þróun hverfisins allt fram til þessa dags.

Almennt má segja að meirihluti sýnilegra minja sé frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. Hins vegar er ljóst að undir sverði leynast víða mun eldri mannvistarleifar. Á bæjarhól Þórkötlustaða

<sup>1</sup> Nánar er fjallað um bæjarheitið í Fornleifaskýrslu

var komið niður á skálalaga byggingu við framkvæmdir í upphafi 20. aldar og er líklegt að undir sverði á bæjartorfunni leynist minjar sem spanna allt tímabil byggðar á svæðinu, þar á meðal hugsanlega bænhús sem stóð á jörðinni á fyrri öldum. Eins er mögulegt að sumar af þeim signari minjum sem skráðar voru við hjáleigur og hér og þar í túninu gætu verið ummerki um eldri minjastaði. Erfitt er þó að fullyrða nokkuð um það án rannsókna. Eftir stendur að minjaheildin í Þórkötlustaðahverfi er fjölbreytileg og heillegri en vænta mætti þegar þéttbýli hverfisins er haft í huga. Eins og gefur að skilja ber hún sterkast vitni um þann kafla í sögu jarðarinnar þegar þéttbýli var hvað mest um ríflega hálfra aldar skeið frá 1880-1950.

Ástand minja á skráningarsvæðinu er sem fyrr segir gott, einkum í ljósi þess hversu þéttbýlt það er en aðeins um fjórðungur þekktra minjastaða reyndist alveg horfin. Á öðrum stöðum sáust einhver ummerki um minjastaði, þótt þau væru stundum brotakennd. Minjar hafa oftast horfið vegna niðurrifs og sléttunar eða vegna þess að ný mannvirki hafa verið byggð í stað þeirra gömlu. Vegna þéttleika byggðarinnar voru flestar minjar innan úttektarsvæðis taldar í almennri hættu vegna ábúðar en slíkt er vinnuregla við skráningu minja í nágrenni mannabústaða. Einstaka minjar voru þó taldar í meiri hættu af öðrum sökum og um 8% staða (15 staðir) töldust í stórhættu, í öllum tilfellum vegna landbrots. Allar minjarnar sem eru í stórhættu nema tvær eru í eða við tún Buðlungu/Klappar en sjóvarnargarður sem liggur neðan Þórkötlustaðatorfunnar endar við túnfót bæjanna. Svæðið austan sjóvarnargarðs er því berskjaldað fyrir ágangi sjávar sem kastar stórgrýti miskunnlaust yfir tún og tóftir. Ljóst er að landbrot á sér langa sögu á þessum slóðum enda voru hjáleigurnar tvær sem þarna stóðu, Buðlunga og Klöpp (GK-012:001 og GK- 013:001) færðar undan ágangi sjávar um aldamótin 1800. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) tók umhverfi Buðlungu/Klappar miklum breytingum í hans tíð og kamburinn gekk langt inn á tún. Samkvæmt honum var til að mynda góð flöt sunnan við túngarðsmörk í hans tíð, þar sem faðir hans járnaði gjarnan hestana sína, sem nú er alveg komin í sjó.

Athyglisverður minjahópur í Þórkötlustaðahverfi eru vindmyllur eða -rellur sem reistar voru til að framleiða rafmagn til heimilisnota í hverfinu á árunum frá stríðlokum og fram að þeim tíma þegar rafmagn frá Sogsvirkjun kom í hverfið. Slíkar vindrellur voru skráðar á 12 stöðum innan verndarsvæðis sem verður að teljast talsverður fjöldi. Vindrellurnar stóðu gjarnan á hæðum skammt frá íbúðarhúsum og sjást víða steiptar undirstöður þeirra enn í hverfinu og bera þær vitni um sjálfsbjargarviðleitni og framfararhugsun hverfisbúa.




**Mynd 10.** Steyptur stöpull undan einni af vindmyllum hverfisins. Mynd: Fornleifastofnun Íslands.

Af öðrum áhugaverðum stöðum má nefna álagablett og meintan legstað. Álagabletturinn er stakstæður steindrangi (GK-011:134) sem stendur upp á rönd neðan við Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða. Steinninn ber nafnið Heródes og var því trúað að hann skyldi umgangast af varúð og ekki hreyfa við honum því annars færi illa. Legstaðurinn vísar í þjóðsöguna um formóður hverfisins, Þórkötl. Var það trú manna að legstaður hennar væri í hverfinu, rétt eins og stalla hennar Járngerður átti að hafa hvílt í Járngerðarstaðahverfi. Misvísandi frásagnir eru um staðsetningu meints legstaðar Þórkötl en virðast þó flestir nú sammála um að þústir neðan við Lambhúskot séu líklegasti staðurinn og segir sagan að þar hvíli Þórkatla, ásamt smala sínum og hundi.

Ljóst er að minjar í Þórkötlustaðahverfi eru merkar og í þeim er fólgin áhugaverður vitnisburður um sögu jarðarinnar og byggðarlagsins alls. Allra merkust er sjálf bæjartorfan með þeim minjum sem þar sjást og leynast undir sverði en markverðar minjar er líka að finna um allt hverfið í formi tófta og húsagrunna hjáleigna og þurrabúða, útihúsa og garða og annarra minja sem bera vitni um daglegt líf í hverfinu um aldir.



**Mynd 11.** Yfirlitskort sem sýnir staðsetningarhnit fornleifa skv. fornleifaskráningu.



**Mynd 12.** Yfirlitskort sem sýnir uppmældar fornleifar skv. fornleifaskráningu.



## 2.1.9 Byggingar

Húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fornleifafræðingi og Hjörleifi Stefánssyni arkitekt og kom skýrslan út á vormánuðum 2018.

Á svæðinu voru skráð 56 standandi hús. Af þeim voru 25 hús með fasteignanúmer (22 íbúðarhús, einn sumarbústaður og tvö hús sem byggð voru fyrir iðnað/þjónustu). Fimm af íbúðarhúsum sem enn standa eru byggð fyrir 1930 (Einland, Bjarmaland, Sólbakki, Miðbær Þórkötlustaða og Búðir) en langflest þeirra eða 12 hús eru byggð á tímabilinu 1930-1940 og er líklegt að það þrettánda, íbúðarhús með óþekktu nafni sem stóð við Miðbæ sé einnig byggt á þessu sama skeiði. Eitt nýtt hús reis í hverfinu á 5. áratug 20. aldar (Heimaland) og sitt hvort húsið á 7. og 8. áratug 20. aldar (Bjarnarhöfn og Hof II). Yngsta húsið í hverfinu var svo byggt árið 2008 nærri þeim stað sem áður stóð hjáleigan Lambhúskot.


Skráður var 31 kofi/hús sem ekki var með eiginlegt fasteignanúmer. Kofar þessir hafa gegnt fjölbreyttu hlutverki. Margir voru skepnuhús (fjós, fjárhús, hænsnakofar), hlöður, skemmur, hjallar og bílskúrar svo fátt eitt sé nefnt.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Samkvæmt lögunum er: „Óheimilt að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Elsta húsið á svæðinu er Einland, sem byggt var fyrir 1900 og er því friðað vegna aldurs. Einnig samkvæmt lögunum er: „Eigendum hús og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.“ Engin kirkja er í Þórkötlustaðahverfi en tvö hús eru byggð 1925 og eru það Bjarmaland og Sólbakki.




**Mynd 13.** Einland, elsta húsið á svæðinu sem byggt var fyrir 1900 og er því friðað vegna aldurs. Mynd: Fornleifastofnun Íslands.

Á korti má sjá yfirlit yfir standandi hús í Þórkötlustaðahverfi, skipt eftir aldri.



**Mynd 15.** Yfirlitskort yfir aldur bygginga skv. húsakönnun.



**Mynd 14.** Varðveislugildi húsa skv. húsakönnun.



### 3 GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR

Svipmót byggðar ræðst af landslagi með þeim menningarminjum, fornleifum, húsum og mannvirkjum sem þar eru.

Svipmót Þórkötlustaðahverfis mótast af miklu leyti af því þéttbýli sem þar hefur verið um aldir. Sökum þess hversu þéttbýlt var í hverfinu leituðust menn við að afmarka lóðarmörk sín með afgerandi hætti og þar sem gott hleðslugrjót var auðfengið á svæðinu var það notað til að marka lóðarmörk, hlaða garða um túnskika og kálgarða. Þessi þétta garðhleðsla er meðal þess sem gefur svæðinu afgerandi svipmót enn í dag þótt einhverjir garðar hafi horfið í umróti síðustu áratuga auk þess sem margir veggir voru rifnir og grjótið úr þeim notað í hafnargerð í Hópinu um og fyrir miðbik aldarinnar.



**Mynd 16.** Dæmi um garð, hlaðinn úr hraungrýti í Þórkötlustaðahverfi. Mynd: Fornleifastofnun Íslands.

Lítið er vitað um einkenni og dreifingu húsa í Þórkötlustaðahverfi fyrr en komið er fram undir lok 19. aldar og upphaf þeirrar 20. en þá virðist talsverður fjöldi smákofa hafa tengst flestum býlanna. Margir af kofunum voru notaðir undir skepnuhald, auk þess sem þar stóðu skemmur, fiskihjallar og fleiri áþekk hús. Notkun þessara húsa hefur tekið einhverjum breytingum en þó fylgja stakstæð hús eða kofar enn mörgum af húsunum í hverfinu og einkenni eldri byggðar hafa að nokkru leyti haldið sér. Lengst af voru mannvirki í hverfinu að mestu gerð úr hraungrýti og torfi, þ.e.a.s. úr þeim jarðvegsefnum sem eru þar fyrir hendi auk lítills háttar timburs. Frá aldamótum 1900 hefur bárujárn farið að setja svip á byggðina og um 1930 kom steinsteypa til sögunnar. Á síðustu áratugum hafa tilsiðnir kofar bæst í hóp fjölskrúðugra kofaflóru sem fyrir var. Húsagerð í hverfinu er fjölbreytt og margbreytileikinn einkennir byggðina öðru fremur

Þótt kofar hverfisins hafa gegnt fjölbreyttu hlutverki og eiga þeir það sameiginlegt að vera einfaldir að gerð. Flestir eru þeir óvandaðir, bárujárnsklæddir timburkofar sem gefa hverfinu sérstakan brag.



**Mynd 17.** Dæmi um kofabyrpingu í Þórkötlustaðahverfi. Kofarnir eru hluti af heildarsvipmóti hverfisins. Mynd: Fornleifastofnun Íslands.

Þrátt fyrir þéttbýlið breyttist Þórkötlustaðahverfi aldrei í hefðbundið þorp og ber byggðin enn talsverð einkenni dreifbýlis. Húsin standa flest á fremur stórum lóðum, algengt er að kofabyggingar fylgi íbúðarhúsum og mörk lóða og kálgarða eru gjarnan enn afmörkuð með grjóthleðslu. Ein megin gata liggur um svæðið, Þórkötlustaðavegur og út frá henni liggja víða götuslóðar og heimreiðar.





## 4 VARÐVEISLUMAT

Mat á varðveislugildi byggðarinnar í heild hvílir á gildi menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja sem eru órofa þættir í menningarlandslagi hverfisins. Með skráningu á húsum og fornminjum á vettvangi í Þórkötlustaðahverfi fæst mynd af menningarminjum á svæðinu og með því er hægt að meta varðveislugildi þeirra. Matið byggir á SAVE aðferðinni sem fellst í því að meta listrænt, menningarsögulegt, umhverfislegt og upprunalegt gildi byggðarinnar.

**TAFLA 2.** Matsskali skv. leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands.

VARÐVEISLUGILDI	VIÐMIÐ
Hátt	Samsvarar flokkum 1,2,3 skv. SAVE aðferðinni
Miðlungs	Samsvarar flokkum 4,5,6 skv. SAVE aðferðinni
Lágt	Samsvarar flokkum 7,8,9 skv. SAVE aðferðinni

### 4.1 Matsþættir

Þegar lagt er mat á varðveislugildi byggir niðurstaðan á nokkrum gildum/matsþáttum s.s.:

- Listrænu gildi
- Menningarsögulegu gildi
- Umhverfisgildi
- Upprunaleiki
- Ástand

Niðurstaða er mat á varðveislugildi svipmóts og yfirbragðs.

#### 4.1.1 Byggingarlist, listrænt gildi

Húsagerð í Þórkötlustaðahverfi er víðast einföld og látlaus. Segja má að fá hús hafi mikið varðveislugildi ein og sér en saman gegna þau mikilvægu hlutverki fyrir heildarsvipmót hverfisins og teljast mikilvæg í því samhengi. Sama má segja um „óvandaða“ skúra og kofa, en án þeirra myndi hverfið glata sérkennum sínum. Varðveislugildi einstakra húsa eða skúra helgast því af hlutverki þeirra sem hluta af heild og staðbundnum aðstæðum fremur en að hús á svæðinu hafi einstakt listrænt gildi. Af þeim húsum sem þó má telja hafa mest gildi má nefna elsta hús hverfisins, Einland sem flutt var í hverfið rétt eftir 1900 og á sér áhugaverða byggingasögu. Nokkur hús í hverfinu hafa verið gerð upp af myndarskap á síðustu árum s.s. Bjarmaland og Stafholt og hafa talsvert gildi sem slík en einnig má nefna nokkuð sérstætt hús vestarlega í hverfinu, tvíbýlið Klöpp/Teig sem setur skemmtilegan svip á hverfið þótt það megi muna fífil sinn fegurri.

Varðveislugildi byggingarlistar Þórkötlustaðahverfis er metið í meðallagi.

#### 4.1.2 Menningarsögulegt gildi

Varðveisla minja í Þórkötlustaðahverfi er óvenjugóð og þar standa enn fjölmargir garðar, útihús og margvíslegar aðrar minjar. Í hverfinu sjást enn vel varðveittar leifar af nokkrum býlum og þurrabúðum

auk þess miklir túngarðar marka af tún og bera vitni um það hvernig tún voru afmörkuð og stækkuð á seinni hluta 19. aldar og fram á þá 20. Eitt af því sem einkennir minjar í Þórkötlustaðahverfi er grjóthleðsla en aðgangur að hleðslugrjóti var góður og hraungrýti gjarnan nýtt í hleðslur. Í sumum tilfellum var þó gott hleðslugrjót einnig sótt lengra að, t.d. var grjótið í Þórkötlustaðarétt að mestu sótt upp í Vatnsheiði. Minjar í hverfinu bera vitni um þéttbýlið sem á sér óvenjulanga sögu á svæðinu og nálægð við sjóinn sem mótar minjar og mannvirki í Þórkötlustaðahverfi.

Menningarsögulegt gildi Þórkötlustaðahverfis er metið hátt.

#### 4.1.3 Umhverfisgildi

Umhverfis Þórkötlustaðahverfið eru hraunbreiður sem mynda einskonar umgjörð utan um hverfið. Íbúðabyggðin í hverfinu er dreifð og henni fylgir talsverður fjöldi af kofum úr margvíslegum efnivið. Grjóthleðslur umhverfis tún- og kálgarða eru áberandi en í garða hefur víða verið nýtt hraungrýti úr hrauninu umhverfis og spila garðarnir því vel saman við víðara samhengi og hraunbreiðurnar í kring.

Hverfið er örstutt frá Grindavíkurbæ. Þar er að finna skemmtilega blöndu af íbúðabyggð og dreifbýli, minjum í bland við yngri byggingar. Sýnileiki minjanna gerir svæðið að hentugum stað til að kynna menningararfleifð svæðisins fyrir komandi kynslóðum og svæðið gæti því hentað vel til útivistar og til að miðla fróðleik.

Umhverfisgildi Þórkötlustaðahverfis er metið hátt.

#### 4.1.4 Upprunalegt gildi

Í Þórkötlustaðahverfi er varðveisla minja mjög góð, sérstaklega í ljósi þess hversu þéttbýlt þar hefur verið í aldanna rás. Talsverður hluti af þeim minjum sem sjást á yfirborði eru að öllum líkindum frá 19. öld eða upphafi þeirrar 20. Þó má gera ráð fyrir að eldri minjar leynist víða í hverfinu og var t.d. komið niður á skálabyggingu þegar byggt var á bæjartorfu Þórkötlustaða um 1900. Minjarnar í hverfinu spanna því langt skeið, allt frá landnámi og fram eftir 20. öld.

Upprunalegt gildi Þórkötlustaðahverfis er metið hátt.

#### 4.1.5 Ástand

Ástand byggðar og minja í Þórkötlustaðahverfi er ágætt. Helstu einkenni byggðarinnar t.d. stórar lóðir eða túnskikar, garða- og kálgarðshleðsla og mikil kofabyggð hefur haldið velli allt til þessa. Ástand einstakra húsa og kofa er hins vegar víða bágborið og eru sumir af kofunum í hverfinu að hruni komnir og nokkur hús einnig í sárri þörf á endurbótum.

Ástand Þórkötlustaðahverfis er metið í meðallagi.



## 4.2 Niðurstaða varðveislugildis

Varðveislugildi matsþáttanna skiptist þannig að byggingarlist, listrænt gildi og ástand eru metin hafa miðlungs varðveislugildi. Menningarsögulegt gildi er metið hátt og sömuleiðis umhverfisgildi og upprunalegt gildi. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá samantektina setta fram á skematískan hátt.

**TAFLA 3.** Matstafla með yfirliti yfir varðveislugildi skv. SAVE aðferðafræðinni

MATSPÁTTUR	VARÐVEISLUGILDI	VÆGI
Byggingarlist, listrænt gildi		10%
Menningarsögulegt gildi		40%
Umhverfisgildi		20%
Upprunalegt gildi		15%
Ástand		15%

Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands skulu gildin fimm metin innbyrðis og tekin afstaða til vægis hvers þeirra. Í sumum tilvikum getur byggingarlistarlegt gildi vegið þyngst eða menningarsögulegt gildi, en einnig getur umhverfisgildi vegið þungt í þeim tilvikum þar sem heildin hefur gildi umfram einstakar byggingar.

Í Þórkötlustaðahverfi er metið svo að menningarsögulegt gildi vegi þyngst og þar á eftir umhverfisgildi þegar horft er á heildarbrag hverfisins og samspil þess við umhverfið. Eins og fram kemur í matinu á varðveislugildi fyrir byggingarlist er húsagerð í hverfinu einföld og látlaus og hafa því fá hús mikið varðveislugildi ein og sér en gegna mikilvægu hlutverki fyrir heildarsvipmót hverfisins.

## 5 VERNDARFLOKKAR

### 5.1 Hús og mannvirki (eða leifar þeirra) sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar

Innan verndarsvæðis er ein bygging sem er friðuð skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er húsið *Einland* (byggt um 1900) og er það auðkennt með fjólubláum lit á mynd 18. Tvö hús eru umsagnarskyld skv. 30 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, *Sólbakki* (byggt 1925) og *Bjarmaland* (byggt 1925), og eru þau auðkennd með appelsínugulum lit á sömu mynd. Engin friðlýst hús eru innan verndarsvæðis.



**Mynd 18.** Auðkennd hús, mannvirki og fornleifar sem eru vernduð skv. lögum um menningarminjar.

Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en allar minjar 100 ára og eldri teljast hins vegar friðaðar. Við skráningu minja í Þórkötlustaðahverfi voru einnig skráðar yngri minjar, samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um skráningu á minjum á verndarsvæði í byggð, en þær eru ekki friðaðar samkvæmt lögum. Á mynd 19 má sjá þær minjar sem ummerki sáust um og voru mældar upp (með gulum lit). Friðhelgi hvers minjastaðar tekur til 15 metra svæðis út frá ystu mörkum minjastaðar til allra átta. Við skráningu var hver fornleif merkt með kenninúmeri (rauðum punkti með númeri sem samsvarar númeri í fornleifaskýrslu). Í þeim tilfellum sem engin yfirborðsummerki fundust er



umræddur punktur eina merking minjastaðarins. Fornleifar sem þannig eru merktar (bara með rauðum punkti en ekki uppmælingu) eru í flestum tilfellum minjar þar sem engin yfirborðsummerki er að sjá. Þótt engin merki sjáist um minjastað á yfirborði leynast í sumum tilfellum minjar undir sverði. Í þessu samhengi má sérstaklega geta um bæjartorfuna á Þórkötlustöðum þar sem talsverður hluti af yfirborðsummerkjum um eldri minjar er horfinn en mikilla minja er að vænta undir sverði. Það er því ljóst að þrátt fyrir að yfirborðsummerki sjáist ekki alls staðar þarf að sýna aðgát á öllum þeim stöðum þar sem minjar eru þekktar, og í raun í hverfinu í heild.



**Mynd 19.** Kort þar sem sjá má uppmældar minjar og 15 metra friðhelg svæði umhverfis þær.

## 5.2 Verndarflokkar innan verndarsvæðis í byggð

Svipmót Þórkötlustaðahverfis mótast að talsverðu leyti af því þéttbýli sem þar hefur verið um aldir eins og fram kemur í kafla 3. Sökum þess hversu þéttbýlt var í hverfinu voru lóðarmörk víða afmörkuð með mjög afgerandi hætti og þar sem gott hleðslugrjót var auðfengið á svæðinu. Grjótgarðar voru notaðir til að marka lóðarmörk, hlaða garða um tún og kálgarða. Þessi þetta garðhleðsla er eitt af því sem gefur svæðinu afgerandi svipmót enn í dag þótt einhverjir garðar hafi horfið í umróti síðustu áratuga auk

Þess sem margir veggir voru rifnir. Grjóthleðslur umhverfis tún- og kálgarða eru áberandi og spila garðarnir því vel saman við víðara samhengi og hraunbreiðurnar í kring. Lagt er til að haldið verði í þá garða sem standa ennþá og jafnframt að landeigendur á svæðinu verði hvattir til að halda þeim við og eftir því sem kostur gefst að endurreisa þá sem eru farnir að láta á sjá en slíkar framkvæmdir þyrfti að vinna í samráði við Minjastofnun Íslands.



## 6 SKILMÁLAR UM VERNDUN OG UPPBYGGINGU

Í þessari greinargerð hefur verið gerð grein fyrir þróun byggðar í Þórkötlustaðahverfi og hvernig sérstaða og verndargildi svæðisins hafa verið metin.

Í þetta fyrsta sinn sem Grindavíkurbær vinnur tillögu að verndarsvæði í byggð er lögð áhersla á að skilmálar séu rúmir en innan þess ramma, sem ákvæði laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð kveða á um. Mikilvæg skref eru stigin í þessari vinnu því skráning fornleifa á svæðinu hefur gefið sveitarfélaginu enn betri yfirsýn yfir sögu svæðisins og getur Grindavíkurbær þar með tekið upplýstari ákvarðanir um þróun svæðisins til framtíðar. Markmið verksins er að íbúar svæðisins fái einnig betri skilning á heimahögum og mikilvægt er að þeir fái tækifæri til þess að láta tillöguna mótast frekar til framtíðar með það í huga að efla svæðið með áherslu á sérstöðu þess og þau tækifæri sem í því liggja. Verndun og uppbygging geta sannarlega átt saman en í því samhengi er mikilvægt að taka lítil skref í einu til að allir hagsmunaaðilar séu sáttir og aðilar gangi í takt.

Ekki eru settir skilmálar fyrir einstakar byggingar á svæðinu heldur eru settir almennir skilmálar fyrir áhersluþættina og eiga þá við um allt verndarsvæðið. Skilmálar þessir eru bindandi skv. lögum um verndaráætlun í byggð og ber að fara eftir þeim. Þegar svæðið verður deiliskipulagt skal þess gætt að skilmálar þessir verði einnig settir í greinargerð þess.

**TAFLA 4.** Skilmálatafla fyrir tillögu að verndarsvæði í byggð.

ÁHERSLUÞÆTTIR	SKILMÁLAR
<b>Garðhleðslur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikilvægt er að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hlöðnum gördum innan verndarsvæðis og stuðla að viðhaldi og endurhleðslu garða eftir þörfum.</li> </ul>
<b>Minjaheildir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á svæðinu eru nokkrar minjaþyrpingar eða heildir sem mikilvægt er að vernda s.s. á bæjarstæði Þórkötlustaða, bæjartóft Klappar/Buðlungu og túnstæðið í kring með þeim minjum sem þar eru og minjaþyrping og garðar við Hraunkot.</li> <li>Mikilvægt er að styrkja sjóvarnir á svæðinu og lengja garðinn neðan við Þórkötlustaði til austurs þar sem tún og minjar eru að skemmast af ágangi sjávar.</li> <li>Fornleifar á svæðinu eru friðhelgar skv. minjalögum og ekki má raska þeim eða hylja nema að fengnu leyfi Minjastofnunar.</li> <li>Bæjarstjórn skal leita álits Minjastofnunar Íslands ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á grunnnum gamalla húsa.</li> </ul>
<b>Yfirbragð byggðar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Varðveita skal svipmót byggðarinnar sbr.kafla 3 hér að framan. Móta skal nýjar byggingar þannig að þær falli að yfirbragði hverfisins og styrki svipmót þess.</li> <li>Óheimilt er að byggja sumarhús á svæðinu.</li> <li>Götulýsing skal vera takmörkuð, öll lýsing skal vera látlaus og glýjulaus.</li> <li>Ekki skal leggja gangstéttir og götukanta meðram vegum.</li> <li>Öll áform um framkvæmdir innan hverfis verða skoðuð rækilega og þess gætt að þau rýri ekki minjaheildir eða einstakar fornleifar.</li> <li>Ný hús skulu taka mið af stærðarhlutföllum húsa sem fyrir eru á svæðinu og falla vel að smágerðu byggðarmynstri hverfisins.</li> <li>Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um hvort veita skuli leyfi til framkvæmda skal leita álits Minjastofnunar. Byggingaráform verða síðan grenndarkynnt hagsmunaaðilum og þeim gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri. Hagsmunaaðilar teljast vera íbúar innan Þórkötlustaða.</li> <li>Verndarsvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð með viðeigandi nærþjónustu, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í gildandi aðalskipulagi.</li> </ul>
<b>Saga svæðisins</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Móta skal gönguleið um svæðið og setja niður skilti sem geri sögu svæðisins skil.</li> <li>Setja skal niður bekkir á gönguleiðinni.</li> <li>Vanda skal til verka við gerð göngustíga svo þeir falli vel að landslagi og umhverfi.</li> </ul>

- |  |   |
|--|---|
|  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast ætti að nota aðflutt jarðvegsefni.</li> <li>• Hvatt er til viðhalds á minni kofum og útibyggingum þar sem þær eru einkennandi fyrir svæðið.</li> </ul> |
|--|---|

## 7 STAÐA VERNDARSVÆÐIS INNAN SKIPULAGS

### 7.1 Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030

Þórkötlustaðahverfi er skilgreint í gildandi aðalskipulagi Grindavíkurbæjar sem búgarðabyggð. Búgarðabyggð er skilgreind sem byggð með stórum lóðum allt að 1 ha þar sem nýtingarhlutfall er um 0,1. Í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur segir um Þórkötlustaðahverfi:

*„Í Þórkötlustaðahverfi austast í þéttbýli Grindavíkur er reiknað með nokkuð frábrugðnu byggingarsvæði. Þar er lagt til að byggð verði strjál, svokölluð „búgarðabyggð“, hús verði á stórum lóðum, allt að 1 ha að stærð, og leyft verði takmarkað dýrahald t.d. hestar, kindur, geitur, og verður það nánar skilgreint í deiliskipulagi. Reiknað er með nýtingarhlutfalli allt að 0,1 og um 2 íbúum á hverjum ha. Í Þórkötlustaðahverfi vestanverðu hefur suðurhluta iðnaðarhverfis verið breytt í endurskoðuðu aðalskipulagi í opið svæði til sérstakra nota og er þar hesthús, reiðhöll og hlaða í tengslum við blandaða notkunarflokkka íbúða og opinna svæða til sérstakra nota. Einnig hefur afmörkun svæðisins verið breytt lítillega.“*

*„Í Þórkötlustaðahverfi er athafnasvæði skilgreint á norðurhluta svæðis þar sem fyrst og fremst eru fyrirhugaðar geymslur t.d. fyrir húsbíla, hjólhýsi, veiðarfæri o.s.frv. en suðurhlutanum er breytt í opið svæði til sérstakra.“*

*„Stefna Grindavíkurbæjar er að íbúðabyggð haldist innan Suðurstrandarveggar í náginni framtíð og að þróun byggðar verði áfram sú að samhliða endurnýjun eldri hverfa við höfn og miðbæ þróist byggðin út frá núverandi nýrri byggð til norðurs út frá nýjum Hópskóla og síðan til austurs að Þórkötlustaðahverfi.“*


Í gildandi aðalskipulagi er Þórkötlustaðahverfið einnig skilgreint sem þjóðminjaverndarsvæði þ.e.a.s. þar eru fornleifar hvað þéttastar og því fær svæðið sérstaka vernd. Í aðalskipulaginu segir:

*„Helstu staðir þar sem fornleifar eru hvað þéttastar hafa verið merktir inn sem þjóðminjaverndarsvæði. Þessir staðir eru á túnum Staðar og Húsatófta í Staðahverfi, túnum Járngerðarstaða, Hóps, Þórkötlustaða, Hrauns og Ísólfsskála.“*

*Mikilvægt er að nota þau tækifæri sem gefast til þess að tengja fornleifarnar daglegu lífi bæjarbúa og kynna þær gestum bæjarins og gera þannig söguna áhugaverða og hluta af daglegu lífi. Aðalskipulag gerir einnig ráð fyrir að gömlum hlöðnum siglingavörðum verði haldið við og þær varðveittar sem sögulegar minjar.“*

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.





**Mynd 20.** Verndarsvæðið merkt inn á uppdrátt aðalskipulag Grindarvíkur 2010-2030 með blárrí punktalínu.

## 8 HEIMILDASKRÁ

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2018). *Fornleifar í Þórkötlustaðahverfi: Verndarsvæði í byggð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson (2018). *Húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi: Verndarsvæði í byggð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands og Gullinsnið ehf.

Ferlir (e.d.). Þórkötlustaðahverfi II. Sótt 3. júlí 2018 af: <http://www.ferlir.is/?id=4428>

Grindavíkurbær (2011a). *Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 - greinargerð*. Netútgáfan. Sótt þann 27. júlí 2017 af slóðinni:

[http://grindavik.is/gogn/2012/adalskipulag/2012\\_04\\_03\\_Greinarger\\_ASK\\_Grindavik\\_2010-2030\\_minnkad.pdf](http://grindavik.is/gogn/2012/adalskipulag/2012_04_03_Greinarger_ASK_Grindavik_2010-2030_minnkad.pdf)

Grindavíkurbær (2011b). *Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 - þéttbýlisuppdráttur*. Netútgáfan. Sótt 27. júlí 2017 af [http://grindavik.is/gogn/Grindav\\_adalsk\\_2010-30\\_thett.pdf](http://grindavik.is/gogn/Grindav_adalsk_2010-30_thett.pdf)

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (2016). *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Náttúrufræðistofnun Íslands (2017). *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Sótt þann 20. september 2018 af slóðinni: <http://vistgerdakort.ni.is/>

Reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016.

Verndarsvæði í byggð (2017). *Tillaga og greinargerð*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3. Höfundur: Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Reykjavík 2017.



## VIÐAUKAR

Húsakönnun

Fornleifaskráning